

**Fundargerð stjórnar byggðasamlags UTU - 84. fundur  
haldinn í Þingborg, 10.mars 2021  
og hófst hann kl. 11:00**

**Fundinn sátu:**

Björgvin Skafti Bjarnason formaður, Árni Eiríksson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Guðmundur J. Gíslason, Helgi Kjartansson, Jóhannes Hr. Símonarson skrifstofustjóri og Davíð Sigurðsson byggingarfulltrúi

**Fundargerð ritaði:** Halldóra Hjörleifsdóttir.

**Dagskrá:**

**1. Fyrirtækjaskrá.**

*Tilkynna þarf um breytingu á stjórn UTU þar sem breyting var á fulltrúa Grímsnes- og Grafningshrepps þegar Ása Valdís Árnadóttir kom inn í stjórn og skipulagsnefnd í stað Ingibjargar Harðardóttur.*

*Tilkynna þarf um breytingu á framkvæmdarstjórn og prókúruumboði UTU. Samþykkt af stjórn að fela Jóhannesi Hr. Símonarsyni framkvæmdastjórn og prókúruumboð fyrir embættið. Jóhannesi falið að ganga frá þessum skjölum til fyrirtækjaskrár.*

**2. Aðgengi starfsmanna UTU að líkamsræktarsal á Laugarvatni.**

*Jóhannes er búinn að taka samtal við starfsmenn. Málið rætt og stjórn samþykkir að fresta afgreiðslu til næsta fundar.*

**3. Sumarlokun skrifstofu UTU.**

*Samþykkt af stjórn að loka skrifstofunni í tvær vikur í kringum verslunarmannahelgina eins og gert var á síðasta ári en það þótti gefast vel. Miðað er við að lokunin sé vikurnar í kringum verslunarmannahelgina.*

**4. Stafræn framtíð embættisins.**

*Verið er að skoða með frekari starfrænar lausnir fyrir embættið, s.s. stafræn eyðublöð, rafrænar undirritanir ofl.*

*Búið er að sækja um og samþykka pósthólf fyrir UTU á island.is. Pósthólfíð mundi tengjast málaskrárkerfi UTU.*

*Stjórn sammála um að halda áfram á þessari braut og Jóhannesi falið að vinna áfram að málinu.*

**5. Drög að samþykktum UTU vegna stöðuleyfa.**

*Á síðasta fundi voru lögð fram drög að samþykktum vegna útgáfu stöðuleyfa. Farið yfir málið. Samþykktir UTU vegna stöðuleyfa samþykktar samhljóða og stjórn sendir þær til sveitarstjórna aðildasveitarfélaganna til staðfestingar.*

**6. Drög að gjaldskrá byggingarfulltrúa UTU.**

*Á síðasta fundi voru lögð fram drög að gjaldskrá byggingarfulltrúa. Farið var yfir málið. Gjaldskrá byggingarfulltrúa UTU samþykkt samhljóða og stjórn sendir gjaldskrána til sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna til samþykktar.*

**Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 12:15**

# Undirritunarsíða

meðstjórnandi  
Guðmundur Jóhann Gíslason

meðstjórnandi  
Árni Eiríksson

meðstjórnandi  
Ása Valdís Árnadóttir

meðstjórnandi  
Helgi Kjartansson

meðstjórnandi  
Halldóra Hjörleifsdóttir

stjórnarformaður  
Björgvin Skafti Bjarnason